



Umsögn Stígamóta um hegningalagafrumvarp um kynferðisbrot gegn börnum og mansal (567. mál)

Reykjavík 5.3.2003

Stígamótakonur þakka fyrir að fá tækifæri til þess að veita umsögn í svo mikilvægu máli sem hér er á ferðinni og fagna tilkomu þessa frumvarps.

Í frumvarpinu kemur fram aukinn skilningur á kynferðisofbeldi og afleiðingum þess á þá sem því eru beittir. Sérstaklega fögnum við nýju ákvæði í 5. gr. frumvarpsins varðandi mansal

Í athugasemdum með frumvarpinu er boðað að vænta megi endurskoðunar á lagasetningu varðandi klám og vændi. Það er von okkar að sú endurskoðun skili sér brátt í nýju frumvarpi til breytinga á almennum hegningarlögum

Við gerum eftirfarandi efnislegar athugasemdir varðandi einstakar greinar frumvarpsins:

1. gr. og 4. gr. a eru lagatæknilegs eðlis og gerum við engar athugasemdir við þær.

Við teljum að refsihækkunin sem felst í 2. og 3. gr. frumvarpsins eigi fullan rétt á sér í ljósi alvarleika umræddra brota og vera í fullu samræmi við refsiramma 202. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 1940 með áorðnum breytingum.

Við viljum þó leggja til frekari breytingar á þessum greinum og felast þær í eftirfarandi:

1. Að í 2 gr. frumvarpsins komi ákvæði sem kveði á um lágmarksrefsingu sem verði í samræmi við 194. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Jafnframt leggjum við til að 16 ára aldursmarkið í 200 gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 verði hækkað í 18 ár til samræmis við 18 ára aldursmörkin í 201. gr. alm. hegningarlaga og þær breytingar á aldursmörkum sem lögð eru til 4. gr. frumvarpsins og við teljum eðlilegar.
2. Að í 3. gr. frumvarpsins komi ákvæði sem kveði á um lágmarksrefsingu varðandi brot á 1. mgr. 202 gr. alm. hegningarlaga í samræmi við tillögu okkar varðandi 2, gr. frumvarpsins.

Varðandi 5. gr. frumvarpsins viljum við vekja sérstaka athygli á því ákvæði Palermosamningsins sem kveður á um að mansal sé refsivert óháð því hvort mansalsþoli hafi samþykkt verknaðinn. Í annarri málsgrein frumvarpsins (tölulið 1) sem vísar til gildandi laga varðandi ólögsmæta nauðung, frelsisviptingu eða ólögsmæta blekkingu virðist okkur gengið skemur en Palermo-samningurinn gerir ráð

Stígamót

fyrir. Við leggjum því til að þetta atriði verði skoðað nánar, og það tryggt að lög hindri ekki að Ísland geti sem fyrst fullgilt þann samning.

Með vinsemd og virðingu

f.h. Stígamóta

Guðrún Jónsdóttir

*f.h. Guðrúnar
Hauðvör Hauðvörðóttur*